

Svar

atvinnuvegaráðherra við fyrirspurn frá Jakobi Frimanni Magnússyni um ferðapjónustu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra hefja markaðssókn á lykilmarkaði ferðapjónustunnar í ljósi samdráttar í atvinnugreininni? Ef svo er, hvenær og með hvaða hætti?

Í ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030 sem samþykkt var á Alþingi í júní 2024 er aðgerð um markvissa og viðvarandi markaðssetningu á Íslandi sem áfangastað ferðamanna. Í lok árs 2024 undirrituðu menningar- og viðskiptaráðuneytið og Íslandsstofa samning um markaðsverkefnið Ferðapjónusta til framtíðar, í tengslum við þá aðgerð. Með samningnum voru Íslandsstofu tryggðar 200 millj. kr. til þess að markaðssetja áfangastaðinn árið 2025.

Verkefnið miðar að neytendamarkaðssetningu á völdum mörkuðum erlendis. Markmið þess er að viðhalda og koma á framfæri ímynd og orðspori Íslands sem leiðandi í sjálfbærri þróun, styrkja ímynd Íslands sem áfangastaðar, viðhalda samkeppnisstöðu íslenskrar ferðapjónustu og miðla réttum upplýsingum um stöðu mála ef upp koma náttúruhamfarir eða önnur áföll.

Íslandsstofa hefur umsjón með framkvæmd verkefnisins og ber ábyrgð á framvindu þess og að unnið sé í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið fram.